


Náttúrustofa Austurlands



Ársskýrsla 2015



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Ritstjóri: Áslaug Lárusdóttir

Texti: Áslaug Lárusdóttir, Elín Guðmundsdóttir, Erlín Emma Jóhannsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir, Halldór W. Stefánsson, Kristín Ágústsdóttir, Rán Þórarinsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson.

Ljósmyndir: Áslaug Lárusdóttir, Elín Guðmundsdóttir, Erlín Emma Jóhannsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir, Halldór W. Stefánsson, Haukur Steinn Jóhannsson, Páll H. Benediktsson, Pétur Sörensson, Sigríður Þrúður Þórarinsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson.

Ljósmynd á forsíðu: Verðlaunamynd í ljósmyndasamkeppni Haukur Steinn Jóhannsson.

Ljósmynd innan á kápu: Skrúður (SGP).

Prentun: Hjá Guðjón Ó – vistvæn prentsmiðja

Máí 2016

EFNISYFIRLIT

- 4 Formáli
- 5 Um stofuna
- 6 Mannauður
- 7 Stiklur úr starfsemi
- 15 Fjármál
- 16 Útgáfa og kynning



Heiðagæs við hreiður í Töðuhraukum í Kringilsárrana. Mynd: SGP

FORMÁLI

Hér er gerð grein fyrir starfsemi Náttúrustofu Austurlands árið 2015. Árið var afmælisár, en þann 24. júní sl. voru 20 ár liðin frá því Náttúrustofa Austurlands tók formlega til starfa.

Hreindýrarannsóknir og vöktun gróðurs voru stærstu verkefni ársins 2015, líkt og undanfarin ár. Af einstökum verkefnum má nefna hreindýratalningar á burðartíma, að sumri og á fengitíma, kálfamerkingar í Sandvík, gróðurvöktun í Reyðarfirði og í Kringilsárrana og rannsóknir á gæsum, hávellum, skúmum og öndum. Smærri viðfangsefni sem eru hluti af reglubundnu starfi voru t.d. náttúrufræðiskóli, fiðrildavöktun, mófuglavöktun, fuglaskoðun og viðhald fræðsluskilta í fólkvöngum og friðlandi. Önnur tilfallandi verkefni á árinu 2015 voru m.a. úttekt á seiðum, fuglum og botndýrum í Viðfirði og gróðri og fuglum í Neskaupstað í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir á þessum svæðum. Náttúrustofan var kynnt á aðalfundi SSA á Djúpavogi í október 2015. Þá tók Stofan þátt í Tæknidegi fjölskyldunnar í Neskaupstað ásamt sambýlingum í Verkmenntaskóla Austurlands.

Starfsmenn fluttu nokkur erindi á árinu og sóttu ráðstefnur um ýmis sértæk málefni á verksviði Náttúrustofunnar. Má sem dæmi nefna þátttöku í alþjóðlegri ráðstefnu á Íslandi um rjúpur og ráðstefnu í Noregi um hreindýr, þar sem stofnað var til samstarfs við norska vísindamenn um frekari rannsóknir á hreindýrum.

Fastráðnum starfsmönnum fjölgaði um einn á árinu og í árslok voru þeir átta talsins. Stöðugildi ársins 2015 voru ríflega sjö. Tveir starfsmenn voru í fæðingarorlofi fyrri hluta árs og í febrúar og mars tóku Guðrún Óskarsdóttir gróðurvistfræðingur M.Sc og Elín Guðmundsdóttir náttúrufræðingur B.Sc til starfa. Auk þess aðstoðuðu fjölmargir einstaklingar Náttúrustofuna, einkum við vöktun hreindýra og við gróðurrannsóknir. Eru öllum færðar þakkir fyrir. Um mitt ár lét Jón Ágúst Jónsson forstöðumaður af störfum eftir sjö ára starf hjá Náttúrustofunni. Jóni Ágústi er þakkað fyrir samstarfið og honum óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Í apríl 2016
Kristín Ágústsdóttir
Forstöðumaður



Horft til framtíðar. Starfsfólk Náttúrustofu Austurlands í Hjallaskógi, Neskaupstað. Mynd: SÞP

Náttúrustofa Austurlands er rekin af Fjarðabyggð og Fljótshéraði með stuðningi ríkis. Hún var formlega stofnuð 24. júní árið 1995, fyrst allra náttúrustofa. Frumkvæði að stofnun hafði sveitarfélagið Neskaupstaður, nú hluti Fjarðabyggðar. Árið 2008 varð Fljótshérað aðili að rekstrinum. Höfuðstöðvar eru í Neskaupstað og starfsstöð er á Egilsstöðum.

Náttúrustofan vinnur að rannsóknum, ráðgjöf og þekkingarmiðlun í tengslum við náttúrufar og veitir margþætta þjónustu á því sviði. Markmið Stofunnar er að efla þekkingu á náttúru Austurlands og skapa eftirsóknarverð störf á sviði náttúrufræða á Austurlandi

Stofan starfar samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992 og lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994, auk þess sem hún er nefnd í fleiri lögum.

Hlutverk Náttúrustofunnar er:

- að stunda vísindarannsóknir
- að veita fræðslu og ráðgjöf
- að annast eftirlit með náttúru Austurlands
- að annast vöktun og rannsóknir á hreindýrum

Stofan er aðili að fræðasetrinu Búlandi í Neskaupstað og Vísindagarðinum á Egilsstöðum. Markmið samstarfsins er að skapa fjölbreytta rannsókn- og fræðslumiðstöð, þannig að úr verði eftirsóknarverður vinnustaður sem laðar að hæft starfsfólk.

Náttúrustofan er aðili að Samtökum náttúrustofa (SNS) sem hafa það að markmiði að efla fræðslu, samstarf og starfsemi stofanna.



Hreinkýr og kálfur við Mýnes í Eiðabínghá. Mynd: SGP.

MANNAUÐUR

Stjórn

Í stjórn Náttúrustofu Austurlands sitja þau *Valdimar O. Hermannsson*, formaður og fulltrúi Fjarðabyggðar, *Esther Kjartansdóttir*, ritari og fulltrúi Fljótsdalshéraðs og *Líneik Anna Sævarsdóttir* meðstjórnandi og sam-eiginlegur fulltrúi sveitarfélaganna.

Starfsfólk

Á árinu störfuðu níu starfsmenn hjá Náttúrustofunni:



Halldór Walter Stefánsson, sérfræðingur, hafði umsjón með vöktun og rannsóknum á fuglum. Hann tók einnig þátt í hreindýra rannsóknum.



Áslaug Lárusdóttir, skrifstofustjóri, sinnti almennum skrifstofustörfum auk þess að hafa umsjón með heimasíðu, bókasafni, tölvumálum og gagnavörslu. Að auki kom hún að öðrum verkefnum.



Jón Ágúst Jónsson, M.S. lífræðingur, annaðist daglegan rekstur auk þess að taka þátt í ýmsum verkefnum Stofunnar. Jón Ágúst lét af störfum í lok maí.



Elín Guðmundsdóttir, B.S. náttúrufræðingur, hóf störf í mars. Hún sinnti gróðurrannskóknum, umhverfisvöktun í Reyðarfirði, skýrslu- og kortagerð auk ýmissa annarra tilfallandi verkefna.



Kristín Ágústsdóttir, M.S. landfræðingur, hafði umsjón með umhverfisvöktun við álverið í Reyðarfirði. Hún tók við starfi forstöðumanns 1. júní 2015 og hefur síðan þá annast daglegan rekstur ásamt því að taka þátt í ýmsum verkefnum.



Erlín Emma Jóhannsdóttir, B.S. líffræðingur, hafði umsjón með smádyrarannsóknum og kom m.a. að vöktun umhverfisþátta við álverið í Reyðarfirði. Hún kom aftur til starfa að loknu fæðingarorlofi um mitt ár.



Rán Þórarinsdóttir, M.S. lífræðingur, var í fæðingaorlofi fram í ágúst. Hún ritstýrði og vann að samantektarskýrslu á burðarhátum Snæfellskúa. Kom að kort lagningu burðarsvæða Snæfellsjarðar auk aðstoðar við önnur verkefni.



Guðrún Óskarsdóttir, M.S. náttúrufræðingur, hóf störf í lok febrúar. Hún hafði umsjón með gróðurvöktun, umhverfisvöktun, gróðurfarsrannsóknum og öðru tilfallandi.



Skarphéðinn G. Þórisson, B.S. líffræðingur, hafði yfirumsjón með vöktun og rannsóknum á hreindýrum. Samhliða því kom hann að fugla- og gróður-rannsóknum.

Margir aðrir komu að starfsemi Stofunnar. Dagný Ásta Rúnarsdóttir líffræðinemi aðstoðaði við vettvangsvinnu í sumarafleysingum. Páll Benediktsson kom að fiðrildarannsóknum og Sveinn H. Oddsson aðstoðaði við tölvumál.

Margir aðstoða við gróðurrannskóknir og vöktun hreindýra og eru þeir helstu taldir upp hér. Eiríkur Skjaldarson, Guðrún Áslaug Jónsdóttir, Grétar Karlsson, Halldór Bergsson, Hákon Hansson, Jóhann G. Gunnarsson, Jón Ingi Sigurbjörnsson, Líneik Anna Sævarsdóttir, Páll Leifsson, Reimar Ásgeirsson, Sigurður Guðjónsson, Skúli H. Benediktsson, Skúli Sveinsson, Sveinn Ingimarsson, Sævar Guðjónsson og Tómas Kárason.

Vöktun hreindýrastofnsins

Frá árinu 2000 hefur Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á íslenska hreindýrastofninum. Markmið vöktunarinnar er að afla gagna um stofninn þannig að hægt sé að veita ábyrga ráðgjöf um veiðipól og upplýsingar um ástand stofnsins og ágang hreindýra. Helstu þættir sem fylgst er með eru dreifing, aldurs- og kynjahlutföll, frjósemi, nýliðun, dánartíðni og líkamlegt ástand dýranna. Gagnasöfnun er að stórum hluta unnin í samvinnu við áhugamenn um hreindýr.

Mat á ágangi hreindýra

Árlega metur Náttúrustofa Austurlands ágang hreindýra á einstakar jarðir á Austurlandi og gerir tillögu til Hreindýraráðs og Umhverfisstofnunnar um skiptingu í ágangssvæði. Í ár var lagt til að þau héldust að mestu óbreytt frá árinu 2014 nema hvað bæta þyrfti inn nýjum jörðum í Seyðisfirði, Stöðvarfirði og Fáskrúðfirði. Mat á ágangi er eitt af því sem lagt er til grundvallar arðsskiptingu. Ágangsmatið byggir á upplýsingum um hagagöngu hreindýra sem safnað er allan ársins hring. Heimamenn og aðrir áhugasamir eru hvattir til að tilkynna um hreindýrahópa og er þátttaka þeirra undirstaðan í þessum vöktunarlið.



Á leið úr Kringilsárrana. Mynd: SGP

Rannsókn á hagagöngu hreindýra með hjálp GPS senditækja

Stefnt var að því að ná þremur hreinkúm í Álftafjarðarhjørð til að hengja senditæki um háls þeirra en aðeins ein kýr náðist á árinu. Hún fékk nafnið Hengla þar sem hún var fönguð við Henglavík í Hamarsfirði. Meginmarkmið þessa verkefnis er að auka skilning okkar á hagagöngu

hreindýra, afmörkun einstakra hjarða og samskipti á milli þeirra. Megin áhersla hingað til hefur verið lögð á Snæfellshjørð. Verkefnið er unnið með styrk frá Landsvirkjun þar sem m.a. á að kanna samgang dýra úr Álftafjarðarhjørð við dýr í Snæfellshjørð.



Hreinkýr og kálfur á Eyjum í Hjaltastaðapinghá. Mynd: SGP

Hreindýraveiðikvóti

Náttúrustofa Austurlands vinnur ár hvert tillögu að veiðikvóta sem byggir á upplýsingum úr vöktun hreindýrastofnsins sem lagðar eru fyrir Hreindýraráð og Umhverfisstofnun. Kvótanum er skipt eftir aldri, kyni og veiðisvæðum. Tillaga Náttúrustofunnar miðast við að stuðla að sjálfbærri nýtingu stofnsins á skilgreindum veiðisvæðum í samráði við hagsmunaaðila.

Reynt er að viðhalda sambærilegu kynjahlutfalli og fyrirfinnst í stofnum sem ekki er veitt úr, eða um 6 tarfar á hverjar 10 kýr að hausti. Jafnframt er reynt að hafa fjölda dýra á hverju svæði vel innan marka sem talin eru geta valdið álagi á land. Að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar ákveður umhverfisráðherra kvóta fyrir næsta veiðitímabil. Náttúrustofan lagði til að kvótinn yrði 1412 dýr árið 2015.

Hreindýraráðstefna í Röros í Noregi

Náttúrustofan átti tvo fulltrúa á 14. alþjóðlegu ráðstefnunni um hófdýr á Norðurslóðum (14th International Arctic Ungulate Conference). Ráðstefnan var haldin dagana 16.-21. ágúst 2015 í Röros í Noregi. Kristín Ágústsdóttir flutti erindi fyrir hönd Stofunnar sem hét *Shifting summer ranges and changes in calving areas of reindeer around Snæfell in East Iceland. The effects of hydropower plant construction at Kárahnjúkar.*

STIKLUR ÚR STARFSEMI

Kortlagning burðarsvæða hreindýra

Náttúrustofa Austurlands hefur unnið að kortlagningu burðarsvæða Snæfellsjarðar fyrir Landsvirkjun frá árinu 2005. Markmiðið með kortlagningu burðarsvæða er að kanna hvort Kárahnjúkavirkjun og framkvæmdir henni tengdar hafi áhrif á burðarsvæði eða framvindu burðar. Eins og undanfarin ár var leitað að hreinkúm á Snæfellsöræfum, Fljótsdalsheiði, sunnanverðri Jökuldalsheiði og láglendinu umhverfis þessar heiðar. Til viðbótar við rannsóknarsvæði síðustu ára var nú einnig skoðuð norðanverð Jökuldalsheiði og Vopnafjarðarheiðar.

Tekin voru saman gögn fyrir tímabilið 2005-2013 og dreifing kúa á burðartíma skoðuð með tilliti til framkvæmdarþunga og umhverfisþátta sem skýrt gætu breytingar eða sveigjanleika í háttum burðarkúa.



Kálfur merktur í Sandvík. Mynd: GÓ

Vöktun mófugla

Mófuglar voru taldir á árlegum rannsóknarsvæðum Náttúrustofunnar á Úthéraði. Talið var í Heiðarenda, Litla Bakka, Hallfreðarstöðum, Gagnstöð, Heyskálum og Rangá.

Gróðurvöktun í Kringilsárrana

Á árunum 2006 til 2008 var lagður grunnur að vöktun gróðurs á Vesturöræfum, Kringilsárrana og Fljótsdalsheiði fyrir Landsvirkjun. Markmið

vöktunarinnar er að kanna hvort greina megi breytingar á gróðurfari í kjölfar myndunar Háslóns. Sumarið 2015 var farið í þá gróðurreiti sem staðsettir eru í Kringilsárrana. Sams konar ástandsmat og árið 2006 var framkvæmt í reitunum, háplöntutegundir voru skráðar, þekja þeirra og þekja annarra plöntuhópa var metin og beitarummerki skráð. Einnig var gróðurhæð og jarðvegsdýpt mæld og merkingar allra gróðurreita svæðisins yfirfarnar.



Gróðurvöktun í Hólmanesi. Mynd: SGP

Umhverfisvöktun í Reyðarfirði

Frá árinu 2004 hefur Náttúrustofan tekið þátt í umhverfisvöktun vegna álvers Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði. Markmið verkefnisins er að fylgjast með áhrifum álversins á gróður, vatn og loftgæði. Verkefnið er unnið í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem sér um efnagreiningar á gróður- og vatnssýnum sem og vöktun loftgæða. Ráðgjafi er Alan W. Davison, prófessor við Newcastle háskóla á Englandi. Árið 2015 var vöktunin með hefðbundnu sniði. Gróður- og vatnssýnum var safnað reglulega til efnagreininga. Þá var ástand gróðurs metið sjónrænt og fylgst með sjaldgæfum tegundum plantna á svæðinu. Jafnframt var fylgst með heilbrigði búfjár sem gengur í Reyðarfirði. Til viðbótar við hefðbundna vöktun á gróðri, vatni og loftgæðum eru á fimm ára fresti gerðar efnamælingar á jarðvegsvatni, krækling og burstormum. Auk þess er þekja plantna á föstum rannsóknareitum metin og tegundir skráðar. Það var gert árið 2015 og því var vöktunin nokkuð umfangsmeiri í ár en árin á undan.

Friðlýst svæði

Náttúrustofan hefur um árabil annast eftirlit og gert tillögur að úrbótum í fólkvangi Neskaupstaðar og fólkvangi og friðlandi í Hólmanesi fyrir Fjarðabyggð. Á árinu var unnið að þýðingu upplýsingaskilta um sögu, náttúru og lífríki friðlýstu svæðanna yfir á ensku. Enska textanum var bætt við þann íslenska á endurnýjuðum skiltum sem í framtíðinni verða úr áli svo þau veðrist síður. Vinna við endurnýjun skiltanna er hafin.



Birkifeti *Rheumaptera hastata*. Mynd: PHB

Vöktun fiðrilda

Náttúrustofan hóf vöktun fiðrilda á Austurlandi árið 2010. Vöktunin var með sama hætti árið 2015 og fyrri ár. Fiðrildi voru veidd frá apríl til nóvember í sérstakar ljósgildir sem eru staðsettar í Neskaupstað, Hallormsstað og Jökuldal. Markmiðið er að nota fiðrildi sem vísihóp til vöktunar á umhverfi. Verkefnið er unnið í nánu samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, aðrar náttúrustofur, Skógrækt ríkisins og Pál Benediktsson bónda á Hákonarstöðum á Jökuldal.

Vöktun fugla á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar

Náttúrustofan vaktar valdar fuglategundir fyrir Landsvirkjun í tengslum við rannsóknir á áhrifum Kárahnjúkavirkjunar á fugla. Hávellur voru taldar sem fyrr á Lagarfljóti og á vötnum á Fljótisdalsheiði en auk þess voru vatnafuglar taldir á Jökulsá á Dal sem er nýlegur liður í rannsóknunum. Heiðagæsir voru myndaðar og taldar á hluta Snæfellsöræfa og hreiður voru talin á ytri hluta Jökuldals, í Hnefilsdal og Húsárdal.

Vetrarfuglatalning

Að venju töldu starfsmenn Náttúrustofunnar fugla í árlegum vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Annað svæðið er á Hrafnabjörgum í Jökulsárhlíð og hitt á Egilstöðum og Fellabæ. Fleiri svæði eru talin austanlands af öðrum talningamönnum. Talningarnar miða meðal annars að því að kanna hvaða fuglar eru hér á landi í svartasta skammdeginu.



Fiðrildagildra maí 2016. Mynd: EG

Vöktun rjúpnastofnsins

Venju samkvæmt tók Náttúrustofan þátt í vöktun á rjúpum fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands í maí. Um var að ræða talningar á rjúpum á vegsniðum á Úthéraði og karra-talningar á tveimur svæðum, Rangá í Hróars-tungu og Hrafnabjörgum í Jökulsárhlíð á Héraði.



Talningar á vegsniðum á Úthéraði, áningastaður við Bóndastaðaháls, Jón Ágúst, Ólafur Karl ásamt Chloé Depre. Mynd: HWS

Rjúpnaráðstefna í Reykjavík

Náttúrustofan tók þátt í alþjóðlegri ráðstefnu um vistfræði, nýtingu og vernd orrafugla á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands; International Grouse Symposium dagana 4. til 7. september í Reykjavík.

STIKLUR ÚR STARFSEMI

Fræðsla og fræðsluerindi

Náttúrustofan fær reglulega beiðnir um að halda fræðsluerindi við ýmis tækifæri. Erindin geta verið hluti af lengri fyrirlestraröðum eða námskeiðum en einnig eru oft fluttir stakir fyrirlestrar. Slíkar kynningar geta verið fyrir leikskóla, skóla eða hópa áhugasamra aðila sem biðja um efni. Á árinu voru flutt nokkur slík erindi. Líkt og undanfarin ár komu namar úr 10. bekk Nesskóla til Náttúrustofunnar í starfskynningu. Árið 2015 hófst vöktun á vexti valinna trjáa í Neskaupstað sem er samstarfsverkefni vettvangsnema og Náttúrustofunnar. Í september fór starfsmaður Stofunnar með líffræðinema úr Verkmenntaskóla Austurlands í sýnatöku á vatnasmádyrum. Sýnum var safnað á þremur stöðum í Neslæk. Að lokinni sýnatöku voru sýnin skoðuð í víðsjá og dýr talin og greind.

Náttúrugripasafnið í Neskaupstað


Náttúrustofan sér um viðhald safngripa og móttöku gesta utan hefðbundins opnunartíma á Náttúrugripasafninu fyrir Fjarðabyggð. Safnið er í Safnahúsi Neskaupstaðar ásamt myndlistasafni Tryggva Ólafssonar og Sjóminja- og smíðjunnasafni Jósafats Hinrikssonar. Í Náttúrugripasafninu má sjá fjölskrúðugt safn dýra, plantna og steina í skemmtilegri uppsetningu listakonunnar og leikmyndahönnuðarins Unnar Sveinsdóttur. Safnahúsið var opið daglega frá 13:00-21:00 (maí – ágúst) og eftir samkomulagi á öðrum árstímum.

Dagur hinna villtu blóma

Dagur hinna villtu blóma er samnorrænn dagur sem haldinn hefur verið árlega á öllum Norðurlöndunum frá árinu 2004. Þar gefst almenningi kostur á að fara í gönguferð um nágrenni sitt með leiðsögumanni sem fræðir áhugasama um gróður á svæðinu. Hópur áhugafólks um plöntur sem kallar sig Flóruvini hefur umsjón með blómadeginum á Íslandi. Náttúrustofan hefur um árabíl aðstoðað Flóruvini við skipulagningu blómadagsins á starfssvæði Stofunnar. Í ár bar blómadaginn upp á sunnudaginn 14. júní og var farið í skipulagða gönguferð bæði á Fljótsdalshéraði og í Neskaupstað. Á Héraði var það Skarphéðinn G. Þórisson sem leiddi hópinn og gekk með áhugafólki upp með Miðhúsaá að Fardagafossi. Það voraði seint og gróður var stutt á veg kominn, sauðamergur var í blóma en fátt annað. Á göngunni rakst hópurnir á hrafnslaup með tveimur ungum en foreldrarnir sátu í birkitré skammt frá og mótmæltu heimsókn hópsins undir fögrum söng músarrindla.

Nefnd umhverfisráðherra um hreindýraeldi

Náttúrustofan átti fulltrúa í nefnd sem skipuð var 2014 um hreindýraeldi. Hópurinn skilaði tillögum sínum til umhverfis- og auðlindaráðherra í júní 2015. Hægt er að nálgast skýrsluna sem heitir: *Hreindýrin á Íslandi. Skýrsla starfshóps um hreindýraeldi* á vef Umhverfis- og Auðlindaráðuneytisins.



Bláklukka, *Campanula rotundifolia*. Mynd: EG

Fuglaskoðun í fjarðabotnum

Hinn árlegi fugladagur Ferðafélags Fjarðamanna og Náttúrustofu Austurlands var haldinn þann 2. maí. Þá var fuglaáhugamönnum á öllum aldri boðið að skoða fugla undir handleiðslu sérfræðinga Náttúrustofunnar á leirum í Norðfirði og Reyðarfirði. Þó fugladagurinn hafi verið nokkuð snemma þetta ár var greinilegt að farfuglar voru mættir í miklum mæli. Á Norðfirði mættu 13 manns og sáust 24 tegundir fugla. Veður gat verið betra, norðaustan kaldt og snjókoma. Á Reyðarfirði mættu 11 manns en þrátt fyrir kuldatíð sáust 37 tegundir, flestar hefðbundnar en einnig nýjar fyrir þennan viðburð og svæði. Nokkrar algengar tegundir létu sig vanta en höfðu sést daginn áður.



Fuglaáhugafólk í Neskaupstað á fugladeginum 2015. Mynd: ÁL

Tæknidagur fjölskyldunnar

Tæknidagur fjölskyldunnar var haldinn í húsnæði Verkmenntaskóla Austurlands og í íþróttahúsinu í Neskaupstað, þann 10. október 2015. Deginum er ætlað að vekja athygli almennings á tækni og vísindum. Fjöldmörg fyrirtæki og stofnanir tóku þátt. Þetta árið var framlag Náttúrustofunnar í samvinnu við Advania, Trackwell og Verkmenntaskóla Austurlands landslagssandkassi. Hann virkar þannig að mynd með hæðarlínum og -litum er varpað með skjávarpa niður á kassa sem fylltur er með ljósum sandi. Þrívíddarmyndavél sem skynjar hæðir og lægðir í sandinum er svo beint á sandinn. Tækin „tala saman“ og þannig er hægt að móta landslag með því að búa til hóla og

hæðir í sandinn. Einnig er hægt að láta sýndarveruleikavatn flæða ofan í dældir í sandinum, eins og flóð myndu flæða niður hlíðar fjalla og ofan í dali. Dagurinn lukkaðist afar vel og mættu rúmlega 600 manns.



Að breyta fjalli. Börn að skoða sandkassann á Tæknidegi fjölskyldunnar 2015. Mynd: ÁL

Náttúrufræðinámskeið

Í samvinnu við Ferðaþjónustuna á Mjóeyri hélt Náttúrustofan námskeið fyrir krakka á aldrinum 8-10 ára á Eskifirði 22-26. júní í tengslum við gönguvíkuna *Á fætur í Fjarðabyggð*. Markmið námskeiðsins er að kynna krökkunum fjölbreytt lífríki íslenskrar náttúru. Farið var í nokkrar vettvangsferðir. Plöntur og dýr voru skoðuð, og þælt í búsvæðum þeirra og lifnaðarháttum.



Börn á Náttúrufræðinámskeiði á Eskifirði 2015. Mynd: EG



Brönugras *Dactylorhiza maculata*.
Mynd: EG

Gróðurfars- og fuglarannsóknir ofan byggðar í Neskaupstað

Árin 1999-2001 og 2011-2014 voru reistar ofan flóðavarnir á tveimur svæðum í hlíðinni ofan byggðar í Neskaupstað. Fjarðarbyggð hyggst ráðast í samskonar framkvæmdir á tveimur svæðum í viðbót og ljúka þar með gerð varnargarða ofan bæjarins. Sumarið 2015 kannaði Náttúrustofan gróður og fugla á svæði fyrirhugaðra ofanflóðavarna í Norðfirði. Svæðið allt var gróðurkortlagt og þær háplöntu- og fugla- tegundir sem fundust á svæðinu skráðar.



Gróðurfars- og fuglarannsóknir fóru fram ofan byggðar í Neskaupstað. Mynd: KÁ

Endurmenntun starfsmanna

Starfsmenn Náttúrustofunnar eru duglegir að sækja sér aukna þekkingu og menntun. Á árinu 2015 var voru þrír starfsmenn í meistaranámi í náttúruvísindum.



Botndýrarannsóknir í Viðfirði. Mynd: EG

Botndýrarannsóknir

Vegna hugsanlegrar efnistöku úr sjó í Viðfirði og Hellisfirði rannsakaði Náttúrustofan grunn - ástand botndýralífs í þessum fjörðum árið 2015. Botndýrasýni voru tekin með þar til gerðri greip sem látin var síga niður á hafsbotn í línu. Sýnin voru síðan sigtuð og öll dýr greind til tegundar eða dýrahóps og þau talin. Einnig voru möguleg áhrif efnistöku á fuglalíf í Viðfirði og bleikju í Viðfjarðará könnuð.

Samvinna við Minjasafn Austurlands

Hreindýrasýning var opnuð í sumarbyrjun 2015 sem Minjasafns Austurlands hafði veg og vanda að. Náttúrustofan lagði verkefninu lið.

Vöktun lúsmýs á Skorrastað í Norðfirði

Náttúrustofa Austurlands tók að sér uppsetningu og vikulega tæmingu á mýgildru í Norðfirði. Verkefnið var unnið fyrir Matvælastofnun sem hefur nú hafið vöktun á lúsmýi (*Culicoides*) í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands og nokkrar Náttúrustofur. Ástæða vöktunar er m.a. sú að þessi flugnategund getur borið veirur milli dýra, sem valda alvarlegum sjúkdómum. Gildran var sett upp á Skorrastað þar sem hún var tengd við rafmagn. Hún dreifir frá sér mannabef og lýsir UV ljósi til að laða að sér mý. Gildran var sett upp í lok júlí og var í notkun út ágúst. Fyrirhugað er að setja þær upp á hverju sumri héðan í frá.



Mýgildra við Skorrastað. Mynd: EEJ

Sandvíkurferð

Hreindýr hafa verið talin og merkt af og til í Sandvík frá árinu 2001. Vorið 2015 fór hópur fólks á vegum Náttúrustofunnar í Sandvík, taldi hreindýr og kannaði hversu margar kýr voru bornar. Einnig voru þrír kálfar merktir. Eftir dvölinu í vikinni var gengið yfir í Viðfjörð og hreindýr talin þar.



Nýmerktur kálfur í Sandvík. Mynd: PS



Silfurberg úr Helgustaðanámu. Mynd: KÁ

Varðveisla Silfurbergs úr Helgustaðanámu

Leysingar og smáskriður við Helgustaðanámu sl. vetur báru fram með sér töluvert magn af nýju silfurbergi sem liggur nú víða í skriðunum. Sumir steinarnir eru nokkuð stórir. Fram komu áhyggjur af því að þessir steinar myndu hverfa þar sem engin virk landvarsla er á svæðinu. Umhverfisstofnun veitti Náttúrustofu Austurlands sérstakt leyfi til að safna saman stærstu lausu hnullungunum til varðveislu og sýnis á Náttúrugripasafninu í Neskaupstað þar til aðstæður verða þannig að hægt verði að hafa bergið til sýnis á svæðinu. Sævar Guðjónsson hjálpaði til við söfnun silfurbergsins á vettvangi.



Kálfur merktur í Sandvík. Mynd: PS

STIKLUR ÚR STARFSEMI

Árþing og aðalfundur Samtaka Náttúrustofa

Árþing Samtaka Náttúrustofa (SNS) var haldið í Nýheimum á Höfn í Hornafirði þann 8. apríl 2015. Að venju voru fjöldi áhugaverðra erinda í boði, auk þess sem farið var skoðunarferð um Höfn að þingi loknu. Daginn eftir þann 9. apríl var svo aðalfundur SNS haldinn á Hótel Höfn.

20 ára afmæli Náttúrustofu Austurlands

Þann 24. júní sl. voru 20 ár frá því að Náttúrustofan tók formlega til starfa, en Stofan er elsta Náttúrustofan sem starfar á Íslandi. Í tilefni afmælisins hittust núverandi og margir fyrrverandi starfsmenn og stjórnarmenn Stofunnar ásamt rekstraaðilum og gerðu sér glaðan dag á Héraði. Til stóð að bjóða almenningi að taka þátt í gæsamerkingum á Jökuldalsheiði sumarið 2015, en óhagstætt veðurfar truflaði þær áætlanir. Þeim var því frestað til sumarsins 2016. Þá hefur verið samið við útgáfustjórn tímaritsins Glettings að helga 1. og 2. tölublaði ársins 2016 20 ára afmæli Stofunnar. Hafist var handa við að safna efni í blaðið á starfsárinu 2015 en stefnt er að því að blaðið komi út í sumarbyrjun 2016.

Dagur íslenskrar náttúru

Í tilefni af degi íslenskrar náttúru stóð Náttúrustofa Austurlands fyrir myndasamkeppni á netinu. Þátttaka fór fram úr björtustu vonum og voru grunnskólanemar á öllu Austurlandi áberandi þátttakendur. Efnistöð voru mjög fjölbreytt en myndin átti að tengjast íslenski náttúru. Tekið var tillit til myndbyggingar, fegurðar og frumleika við val á sigurmynd. Við þökkum öllum þeim efnilegu og góðu ljósmyndurum sem þátt tóku. Haukur Steinn Jóhannsson í 10. bekk Nesskóla átti bestu ljósmyndina, í viðurkenningu fékk hann bókina Lífríki Íslands eftir Snorra Baldursson, en myndin hans prýðir forsíðu ársskýrslunnar að þessu sinni.



Gestir á afmælishátíð Náttúrustofu Austurlands haustið 2015.

Fyrirspurnir

Talsvert er um fyrirspurnir og heimsóknir almennings með dýr, steina og plöntur til greiningar. Starfsfólk tekur fúslega við öllum slíkum erindum. Ef ekki tekst að greina náttúrugripi á staðnum er þeim komið áfram til annarra sérfræðinga. Í einstaka tilvikum er um að ræða staðfestingu á nýrri tegund sem er að festa rætur í fjórðungnum. Á árinu bárust til Stofunnar nokkrir skógarmítlar sem eru sendir áfram á Náttúrufræðistofnun Íslands en þar er haldið utan um hvar þeir finnast og á hverjum og þeir rannsakaðir frekar. Algengast er að mítlarnir finnast á hundum og köttum og svo virðist sem þeir finnast einkum á haustin, en þá berast flest sýni til Náttúrustofunnar.



Jaðrakan er algengur mófugl á Íslandi. Mynd: HWS

Samvinna við Breiðdalssetur

Breiðdalssetur hefur staðið fyrir málþingum og sýningum er tengjast jarðfræði Austurlands. Náttúrustofan hefur lagt setrinu til myndir af þessu tilefni.



Starfsmenn Stofunnar við gróðurannsóknir. Mynd: KÁ

Af vettvangi SNS

Forstöðumaður Náttúrustofu Austurlands er í stjórn Samtaka Náttúrustofa. Á vettvangi sam-takanna var einkum unnið að því að kynna mikilvægi náttúrustofa eins og fyrri ár, auk þess sem samtökin skiluð inn sameiginlegum umsögum um hin ýmsu lagafrumvörp og þingsályktunartillögur.

Umsagnir

Náttúrustofa Austurlands hefur ekki lögbundið hlutverk sem umsagnaraðili, en veitir umsagnir sé þess sérstaklega óskað.

Árlega berast stofunni formleg erindi til umsagnar, einkum frá umhverfisnefndum sveitarfélaga og Alþingi en einnig frá stofnunum s.s. Orkustofnun. Á árinu veitti Náttúrustofan sex slíkar umsagnir um refaveiðar, bjargdúfur, efnistöku í sjó, uppfyllingu, frístundasvæði o.fl.

Jafnframt veitti Náttúrustofan umsögn um ný náttúruverndarlög. Í nýju lögunum eru hreindýr skilgreind sem framandi tegund.

Aðrar umsagnir um hin ýmsu lagafrumvörp og þingsályktunartillögur voru sendar inn í nafni Samtaka náttúrustofa.




Vatnsrásir í seti við Gljúfrakvísl í Kringilsárrana. Mynd: SGÞ

Fjármál


Fyrirtækið Deloitte hf. annast endurskoðun, reikningsskil, skattskil auk bókhalds- og launavinnslu fyrir Náttúrustofu Austurlands.

Samkvæmt ársreikningi Náttúrustofunnar fyrir rekstrarárið 2015 námu heildarrekstrartekjur 70,4 millj. kr. Afkoma af rekstri Náttúrustofunnar var jákvæð um 2,1 millj. kr. og var sú upphæð færð til hækkunar á eigin fé Stofunnar. Í árslok 2015 námu eignir Náttúrustofunnar 50,3 millj. kr. og bókfært eigið fé var 29,2 millj. kr. Hlutfallsleg skipting gjalda er eins og var árið 2014.

Frekari upplýsingar um fjárhag Náttúrustofunnar má finna í ársreikningi.



Hlutfallsleg skipting gjalda árið 2015.



Yfirlit heildartekna Náttúrustofunnar frá árinu 1999 á verðlagi ársins 2015.



Mynd: PHB



Mynd: PHB

Ritlisti

Erlín E. Jóhannsdóttir, Halldór W. Stefánsson og Elín Guðmundsdóttir (2015). Rannsóknir á lífríki Viðfjarðar. Fuglar, botndýr og seiði í ám. Unnið fyrir Hafnarsjóð Fjarðabyggðar. Náttúrustofa Austurlands, NA-150152.

Gerður Guðmundsdóttir og Kristín Ágústsdóttir (2015). Gróðurfar á fyrirhugaðri leið Kröflulínu 3, endurútgefin með örlitlum breytingum. Unnið fyrir Landsnet. Náttúrustofa Austurlands, NA-150146.

Gudjonsson, H., Jonsson, J.E., Stefánsson, H.W., Snaethorsson, A.O. & Gunnarsson, T.G. 2015. Annual and large-scale variation in breeding output of Greylag geese (*Anser anser*) in Iceland. *Bird Study*.

Guðrún Óskarsdóttir, Elín Guðmundsdóttir, Dr. Helga Dögg Flosadóttir, Hermann Þórðarson og Kristín Ágústsdóttir (2015). Alcoa Fjarðaál. Umhverfisvöktun 2014. Náttúrustofa Austurlands, NA-150148.

Guðrún Óskarsdóttir, Halldór W. Stefánsson, Kristín Ágústsdóttir og Elín Guðmundsdóttir (2015). Gróður og fuglar á áhrifasvæði ofanflóðavarna neðan Urðarbotna og Nesgils í Norðfirði. Unnið fyrir EFLU. Náttúrustofa Austurlands, NA-150153.

Halldór W. Stefánsson (2015). Vatna- og sundfuglar á Jökulsá á Dal og endur á Lagarfljóti og á vötnum á Fljótsdalsheiði árið 2014. Náttúrustofa Austurlands, NA-150150.

Halldór W. Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson (2015). Heiðagæsir á vatnasviði Kárahnjúkavirkjunar árið 2014. Unnið fyrir Landsvirkjun. LV-2015-068. Náttúrustofa Austurlands, NA-150147.

Kristín Ágústsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir, Elín Guðmundsdóttir (2015). Alcoa Fjarðaál. Viðbótarvöktun 2014. Náttúrustofa Austurlands, NA-150149.

Rán Þórarinsdóttir og Kristín Ágústsdóttir (2015). Burðarsvæði Snæfellshjarðar 2005-2013. Mat á áhrifum virkjunar. Unnið fyrir Landsvirkjun, LV-2015-130. Náttúrustofa Austurlands, NA-150154.

Sigurður Á. Þráinsson, Níels Árni Lund, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Trausti Baldursson, Gunnlaug H. Einarsdóttir, Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir, Hákon I. Hansson, Skarphéðinn G. Þórisson, Elvar Árni Lund, og Eyrún Arnardóttir (2015). Hreindýrin á Íslandi. Skýrsla starfshóps um hreindýraeldi. Umhverfis- og Auðlindaráðuneytið.

Skarphéðinn G Þórisson og Rán Þórarinsdóttir (2015). Vöktun Náttúrustofu Austurlands 2014 og tillaga um veiðikvóta og ágangssvæði 2015. Náttúrustofa Austurlands, NA-150145.



Kampselur á Borgarfirði eystra. Mynd: SGP

Erindi og veggspjöld

Halldór W. Stefánsson 2015. Vortalning á gæsum og álfum á láglandi Íslands. Fyrirlestur á ársþingi SNS á Höfn í Hornafirði 8. apríl 2015.

Kristín Ágústsdóttir 2015. Náttúrustofa Austurlands. Veggspjald á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi á Djúpavogi 2.-3. október 2015.

Kristín Ágústsdóttir, Skarphéðinn G. Þórisson, Rán Þórarinsdóttir 2015. *Shifting summer ranges and changes in calving areas of reindeer around Snæfell in East Iceland. The effects of hydropower plant construction at Kárahnjúkar*, á 14. alþjóðlegu ráðstefnunni um hófdýr á Norðurslóðum (14th International Arctic Ungulate Conference) í Röros í Noregi 16.-21. ágúst 2015.

Skarphéðinn G. Þórisson 2015. Hreindýrin okkar. Fyrirlestur fyrir 5. bekk í Egilsstaðaskóla 14. apríl 2015.

Skarphéðinn G. Þórisson 2015. Hreindýrin okkar. Fyrirlestur fyrir 2. bekk í Egilsstaðaskóla 27. mars 2015.

Skarphéðinn G. Þórisson 2015. Hreindýrin okkar. Kynning í leikskólanum í Skógarlöndum á Egilsstöðum 20. febrúar 2015.

Skarphéðinn G. Þórisson 2015. Hreindýrin okkar. Kynning í leikskólanum í Tjarnarlöndum á Egilsstöðum 23. febrúar 2015.

Skarphéðinn G. Þórisson 2015. Hreindýrin okkar. Kynning í leikskólanum Hádegishöfða í Fellabæ 20. mars 2015.

Skarphéðinn G. Þórisson 2015. Hreindýrin okkar. Kynning í leikskólanum Hádegishöfða 10. apríl 2015.

Skarphéðinn G. Þórisson 2015. Reindeer in Iceland 1771-2015. Fyrirlestur fyrir starfsfólk Fylkesmannen i Nörd-Trondelag. Miljövern-afdelingen í Gistihúsinu á Egilsstöðum 28. maí 2015.

Skarphéðinn G. Þórisson 2015. Staða og nýting hreindýrastofnsins 2015. Fyrirlestur á aðalfundi SKOTVÍS 10. febrúar 2015.

Skarphéðinn G. Þórisson 2015. Villihreinar í Noregi. Erindi á starfsmannafundi NA á Egilsstöðum 21. október 2015.

Skarphéðinn G. Þórisson 2015. Villihreinar í Noregi. Fyrirlestur hjá Rotarý Héraði á Hótel Héraði 22. september 2015.

Skarphéðinn G. Þórisson 2015. Vöktun 2015 og kvóti 2016. Kynning á símafundi Hreindýraráðs, Umhverfisstofnunar og Náttúrustofu Austurlands á Egilsstöðum 2. desember 2015.



Í sumarlok á leið út á Jökuldalsheiði. Mynd: SGP



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

AÐALSKRIFSTOFA

Mýrargata 10

740 Neskaupstaður

Sími: 477 1774

Fax: 477 1923

Heimasíða: www.na.is

Netfang: na@na.is

ÚTIBÚ

Tjarnarbraut 39

700 Egilsstaðir

Sími: 471 2813

Sími: 471 2774

Netfang: na@na.is